

Sementsverksmiðjan ehf.
Mánabraut 20, Pósthólf 205
300 Akranes

Reykjavík, 27. janúar 2021
UST202101-288/H.E.
08.08.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit í Sementsverksmiðjuna þann 7.1.2021

Þann 7.1.2021 sl. fór fram eftirlit í Sementsverksmiðjuna á Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fram kom að unnið er að greiningu á orsökum og áhrifum af atviki þegar sementstankur yfirfylltist aðfaranótt 5. janúar sl. með þeim afleiðingum að sement barst í andrúmsloftið og nærliggjandi byggð.

Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili upplýsi um niðurstöður greiningar á atvikinu og áhrifum þess s.s. magn þess sements sem losnaði út í umhverfið um leið og þær niðurstöður liggja fyrir.

Umhverfisstofnun óskar einnig eftir að vera upplýst reglulega um framgang hreinsunaraðgerða og úrbóta á atvikinu.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir